



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

44. fundargerð skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja, hinn 44. í röðinni, var haldinn 8. jan. 1980. Mættir voru á fundi: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Jón Hólmgeirsson, Bergmann Þorleifsson, Eggert Ólafsson, Hreinn Ásgrímsson, Ómar Bjarnþórsson, og auk þeirra Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara og Ragnar Ragnarsson, fulltrúi nemenda sem nú sótti fund í fyrsta sinn – svo og ritari.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skýrsla um skólaslit og upphaf vorannar.

Skólameistari flutti skýrsluna. Skólaslit haustannar fóru fram 20. des. s.l. í Glaðheimum í Vogum við húsfylli.

Sr. Bragi Friðriksson, prófastur, flutti ávarp, Lúðrasveit Tónlistarskóla Njarðvíkur lék, og skólameistari flutti yfirlitsræðu um skólastarfið á önninni og afhenti prófskírteini. Brautskráðir voru: 1 vélvirki, 2 hárskerar, en allt nám þeirra fór fram á vegum skólans án námssamnings frá meistara, 8 verslunar- og skrifstofunemar (2ja ára braut), 8 flugmenn og 8 nýstúdentar. Kennarafjöldi á haustönn 1979 var svipaður og áður. Fór skólameistari nokkrum orðum um námsárangur almennt sem hann taldu eðlilegan hjá þeim sem búnir voru að vera lengur en eina önn við námið, en hjá hinum sem hófu nám s.l. haust var óvenjumikið fall, einkum í stærðfræði.

Verður að rekja orsakir þess til ónógs undirbúnings nemenda. Gætti hins sama í öðrum fjölbrautaskólum landsins. Þá vék skólameistari að upphafi vorannar sem hefst 14. jan. n.k. Er hún þegar að mestu undirbúin og verður nemendatala svipuð og áður.

Ekki er fullráðið um framhald öldungadeildar, m.a. vegna fjármálalegra atriða og fámennis.

Þökkðu fundarmenn skýrsluna.

2. Stjórnunarnefndir.

Skólameistari minntist á rekstur nýs og mjög fullkomins fjölritara í eigu skólans sem þegar var búinn að skila um 140 þúsundum eintaka af lesmáli og skýrslum ýmiss konar,

bæði fyrir skólann, nemendur hans og aðra aðila. Taldi hann nauðsyn á að eftirlit með rekstri væri með skipulegum hætti, og honum væri fengin sjórnarnefnd sem héldi gerðabók. Lagði hann til að nefnd þessa skipuðu skólameistari, tækjavörður skólans, skrifstofustjóri, fulltrúi frá nemendum og fulltrúi frá kennurum. Á sama hátt taldi hann nauðsynlegt að stýra stjórn bókasafns skólans, en safnið eykst smátt og smátt og lagði til að sú nefnd væri með svipuðu sniði, þ.e. skólameistari, bóka-
vörður, skrifstofustjóri og síðan fulltrúar nemenda og kennara. Hvort tveggja var samþykkt, en endanlegt val í nefndir þessar getur ekki farið fram fyrr en tilnefning frá nemendum og kennurum er komin.

3. Ráðning gæslumanns á göngum skólans.

Vísað til fundargerðar 6. des. s.l. . . Samþykkt var að ráða
6 Árna Þorsteinsson í starfið á vorönn með 5 stunda starfsskyldu á dag og nánar skv. erindisbréfi sem skólameistari semur.

4. Fyrirkomulag viðhalds í húsnæði skólans.

Málið var nokkuð rætt, einkum með tilliti til kostnaðar- og hagkvæmnisliða. Talið var fært að verknámsdeildir önnuðust hin smærri verkefni en athuga skuli um útboð á hinum stærri liðum.

5. Skólameistari benti nefndarmönnum á að skoða nær fullgerðar inn-
réttingar í rishæð skólans, en hún er ætluð kennurum til afnota. Var hún skoðuð og þótti vel hönnuð. Á fyrstu hæð skólans verður unnt að hagnýta rými betur en áður, og í því sambandi lagði hann fram 3 tillöguuppdrætti um breytingar m.a. fyrir matstofu nemenda, skrifstofu o. fl. Málið er ekki fullrætt. Samþykkt var þó að afla húsgagna í matstofuna eftir réttlátu vali aðila.

6. Önnur mál.

A. Vegna fimmtugsafmælis yfirkennara, Ingólfs Halldórssonar sem áður var skólastjóri Iðnskólans í núverandi húsi Fjölbautaskólans, var samþykkt að senda honum heillaóskir. Formanni skólanefndar var jafnframt falið að færa honum vandað úr að gjöf sem þakklætisvott fyrir mjög gott starf.

B. Skólameistari kvað Ólaf Erlingsson, formann Iðnmeistarafélags Suðurnesja hafa komið að máli við sig um möguleika að starfrækja meistaraskóla í tengslum við Fjölbautaskólann og hafa um það samráð við hina ýmsu aðila sem málið varða. Bent var á annmarka á þessu vegna fámennis svo og vegna ákvæða byggingarsamþykktar um réttindi meistara. Hins vegar þótti nefndarmönnum hér vera um að ræða góða hugmynd og verðugt verkefni.

- C. Skólameistari lagði fram eftirfarandi bréf frá Flugmála-
stjórn og ræddi nokkuð um mikilvægi flugbrautarnáms við
skólann:

"Loftferðaeftirlitið leyfir sér hér að vísa til "upplýs-
ingabréfs" B-6 frá 17. maí 1979.

Framvegis mun Loftferðaeftirlitið ekki veita skírteini
atvinnuflugmanns III. fl /flugvél/þyrlla, gegn framvísun
erlends skírteinis, nema að fyrir liggi gögn um það, að
slíkt skírteini sé gefið út á jafngildum bóklegum grund-
velli og hið íslenska.

Þeim einkaflugmönnum er hyggja á nám og á að taka skír-
teini þetta erlendis, sérstaklega í Bandaríkjunum, er bent
á að hafa samband við loftferðaeftirlitið áður en lagt er
í slíkt."

- D. Skólameistari upplýsti að nokkrar umsóknir og fyrispurnir
hefðu borist um kennslu í vélritun og notkun "díktafóns",
í námsáfangi 402 sem er sambærilegur við efsta stig í
Verslunarnámi. Eitt slíkt tæki er til í skólanum, en
þyrftu að vera 5 ef sinna ætti umsóknum sem full þörf væri
á. Skólameistara var gefið umboð til þess að athuga þetta
nánar. Kostnaður gæti verið um 1.600.000.

- E. Ragnar Ragnarsson ítrekaði hugmyndir nemenda um "skóla-
stjórn", sbr. 6. lið fundargerðar frá 6. des s.l.
Vitnaði hann í nýlegt samtal við menntamálaráðherra um
þetta. Skólameistari ítrekaði fyrri svör sín í máli þessu
og benti á vandkvæði. Þá vék Ragnar að því að nemendur
vildu gjarnan ráða nokkru um fyrirkomulag innréttinga og
búnaðar og kvaðst skólameistari hafa sent þeim teikningu
sem þeir ættu þegar að hafa í höndum.

Auk framanritaðra dagskrárliða var vikið að mataraðstöðu nemenda,
endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir árið 1980 sem bíða verður þar
til niðurstaða skólareikninganna árið 1979 liggur fyrir.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Leiðrétting við 7C lið 43. fundargerðar þar sem stendur kr. 5000.-
á að vera kr. 500.000

Valtýr Guðjónsson, ritari.